

Fimmtudaginn 24. september 1998.

Nr. 522/1997.

**Gunnar Magnússon**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Guðbjarti Einarssyni**

**Stefáni Einarssyni**

**Sigurði G. Einarssyni og**

**Aðalbjörgu sf.**

(Karl Axelsson hrl.,

Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

**og til réttargæslu**

**Samábyrgð Íslands á fiskiskipum**

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sjomenn. Gjafsókn. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Málinu var skotið til Hæstaréttar 30. desember 1997. Áfrýjandi krefst þess, að stefndu greiði sér 17.116.770 krónur með 2% ársvöxtum frá 13. mars 1992 til 21. sama mánaðar, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama árs, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember sama árs, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1995, 0,65% ársvöxtum frá þeim degi til 28. september 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hefur fengið gjafsókn á báðum dómstigum.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann gerir engar kröfur.

### **I.**

Í héraðsdómi er lýst atvikum að því og afleiðingum þess, að áfrýjandi varð fyrir slysi 13. mars 1992 við vinnu sína að netalögn um

borð í mb. Aðalbjörgu II, RE-236, er skipið var statt í Faxaflóa. Samkvæmt skýrslu rannóknarnefndar sjóslysa voru 2-3 vindstig á norðaustan, skyggni gott og úrkomulaust, en frost var og talsverð ís-ing á bátnum. Áfrýjandi stóð fyrst fyrir aftan netin í lítilli stíu bakborðs megin aftur við uppgang á bátapall. Eftir fram lögðum myndum að dæma hafa stíuborðin verið fjögur eða fimm og náð nokkuð upp fyrir hné manna. Áfrýjandi steig fram úr stíunni, þegar leið á lögnina, og stóð fyrir framan hana, er net slóst um vinstri fót hans, og dróst hann með því útbyrðis. Varð síðar að taka af honum fótinn fyrir neðan hné, og hlaut hann af þessu slysi 45% varanlega örorku.

Í héraðsstefnu segir, að hlutverk áfrýjanda hafi verið að sjá til þess, „að netin færu klár fyrir borð, með því að grípa inn í lögnina, ef svo bar undir . . .“.

Í greinargerð stefndu í héraði er tekið undir þessa lýsingu. Í lög-regluskýrslu 1. apríl 1992 er eftirfarandi meðal annars haft eftir áfrýjanda: „Ég stóð í stíu við bakborðslunningu skipsins, og var verk mitt að fylgjast með netunum, þegar þau runnu út, en við vorum að leggja. Ég átti síðan að grípa inn í, ef flotteinn kom óklár, en þó þannig, að hættulaust væri fyrir mig.“ Áfrýjandi breytti þessum framburði nokkuð skömmu síðar í lögregluskýrslu og kvaðst hafa staðið utan og framan við stíuna, þegar slysið varð, og hefði hann verið búinn að laga flotteininn einu sinni eða tvisvar, svo að hann færi klár út. Fyrir héraðsdómi lýsti áfrýjandi svo hlutverki þess, sem í stíunni var, að hann hefði átt „að fylgjast með flotteininum á lögninni, og var ætlast til þess, að sá, sem þar var, gripi inn í það, ef flotteinninn fór fram fyrir, eins og við köllum það, fór að renna út með blýteininum, að hann kippti honum aftur fyrir, þannig að netin færu greiðar í sjóinn, allt svo opin, . . .“.

Sigurður Ólafsson stýrimaður sagði fyrir dómi, að áfrýjandi hefði haft það verk með höndum að standa í stíunni og taka flotteininn aftur, ef hann færi fram fyrir. Jón Magnús Jónsson vélstjóri lýsti verkinu svo fyrir héraðsdómi: „. . . ef teinarnir, flotteinarnir, fóru yfir boga, sem var notaður til að aðskilja þá, ef hann fór fram fyrir hann og þeir runnu saman út, þá átti hann að grípa í teininn og taka aftur fyrir þennan boga“. Svipaðar lýsingar komu fram hjá öðrum skipverjum.

Af þessum lýsingum og málflutningi aðila verður við það að miða, að hlutverk þess, sem var í stíunni hverju sinni, hafi verið að greiða fyrir því, að netin rynnu þannig útbyrðis, að blýteinninn færi á undan flotteininum. Hann hafi átt að taka í flotteininn, ef hann færi fram fyrir, og færa hann aftur fyrir bogann, sem notaður var til að aðskilja teinana. Gera verður ráð fyrir því, að þetta verk hafi verið unnt að vinna úr stíunni að minnsta kosti lengst af lögninni, en síður eða ekki, þegar að síðustu netunum kom.

## II.

Aðila greinir meðal annars á um það, hvort skipstjórnarmenn hafi lagt bann við því, að menn færu úr stíunni við lögnina, og til hvers hafi verið ætlast, ef ekki væri unnt að ná til flotteinsins þaðan. Er nauðsynlegt að rekja nokkuð framburð aðila og vitna fyrir dómi um þetta atriði.

Áfrýjandi kannaðist ekki við, að skipstjóri eða stýrimaður hefðu bannað mönnum að fara úr stíunni. Hann sagði, að þeim hefði ekki verið sagt beinum orðum að fara út fyrir, en til þess hefði verið ætlast. Ekki hefði verið unnt að vinna verkið á annan hátt, þegar leið á lögnina, og aðrir skipverjar hefðu líka gert það.

Stefndi Guðbjartur Einarsson skipstjóri kvað algjört bann hafa verið við því, að menn færu fram fyrir stíuna, á meðan netin væru lögð, og aldrei hefði verið til þess ætlast. Hann hefði talað um þetta við skipverja, en minntist þess þó ekki að hafa rætt við áfrýjanda sérstaklega.

Sigurður Ólafsson stýrimaður sagði, að mönnum hefði verið bannað að fara fram úr stíunni til þess að taka í teininn, ef hann færi fram fyrir, og um það hefði verið rætt, „að menn legðu ekki sjálfa sig eða aðra í hættu fyrir þetta drasl, . . .“. Hann kvaðst hafa átt viðræður við áfrýjanda um þessi efni, og hefði umræða verið um þau milli allra skipverja, þannig að öllum hefði verið þetta ljóst.

Jón Magnús Jónsson vélstjóri sagði, að skipstjóri hefði bannað mönnum að fara fram fyrir stíuna, en þeir hefðu verið að stelast til þess, þegar síðustu netin voru að fara. Hann taldi, að stýrimanni hefði verið um það kunnugt, en minntist þess ekki, að hann hefði bannað sér það. Enginn hefði sagt þeim að fara fram fyrir, en flestir hefðu gert það.

Jón Kristinn Jónsson sjómaður kvaðst hafa heyrt um það, að ekki mætti fara úr stúnni við lögnina, og hefðu þau fyrirmæli komið bæði frá skipstjóra og stýrimanni. Nánar spurður sagði hann, að sér hefði ekki beint verið bannað þetta, en gert ljóst, að það væri mjög hættulegt. Til þess hefði þó kannski verið ætlast, að teinninn væri lagaður, en jafnframt hefði verið ætlast til þess, að eigin dómgreind væri látin ráða.

Torfi Ingólfsson sjómaður, sem hafði verið á skipinu nokkrum mánuðum fyrir slysið, sagði, að sér hefði aldrei verið bannað að fara úr stúnni, en bæði hann og aðrir skipverjar hefðu gert það. Hann minntist þess ekki, að skipstjóri hefði gert athugasemdir við þetta.

Jóhann Heiðar Jóhannsson sjómaður taldi, að menn hefðu ekki farið fram úr þessari stúu til að laga teininn. Hann minntist þess ekki, að sér hefði beinlínis verið bannað það, en skipstjóra hefði mislíkað, ef menn væru að gera eitthvað varasamt.

### III.

Af framburði og öðrum gögnum málsins verður ekki talið sann- að, að yfirmenn skipsins hafi ætlast til þess af skipverjum, að þeir færu fram fyrir stúuna til að færa flotteininn aftur fyrir bogann, þegar svo bar undir, jafnvel þótt einhver síðustu netanna kunnir fyrir bragðið að hafa farið óklár í sjóinn. Þvert á móti verður að horfa til þess, að upp hafði verið sett sérstök stía gagngert í því skyni að treysta öryggi skipverja við netalagnir og koma í veg fyrir, að net flæktust um fætur þeirra. Verður þá að ætla, að þeir hafi mátt vita, ekki síst reyndir sjómenn, að þeim væri rétt að halda sig innan stúunnar, þótt því verði ekki slegið föstu, að beint og ótvírætt bann hafi verið lagt við því að fara fram fyrir.

Þegar öll gögn málsins eru virt, verður að telja, að meginorsök slyssins hafi verið sú, að áfrýjandi fór út úr stúnni og stóð á þil- farinu, þar sem netin voru að renna út. Ekkert bendir til þess, að slysið hefði borið að höndum, ef áfrýjandi hefði verið kyrr í stúnni. Hann var reyndur sjómaður, og mátti honum vera ljóst, hver hætta gat verið honum búin framan við stúuborðin. Hann sýndi því af sér verulegt gáleysi í umrætt sinn.

Með þessum athugasemdum verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en láðst hefur að geta um niðurfellingu málskostnaðar í dómsorði héraðsdóms. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað verður staðfest, en gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðbjartur Einarsson, Stefán Einarsson, Sigurður G. Einarsson og Aðalbjörg sf., eru sýknir af kröfum áfrýjanda, Gunnars Magnússonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málf lutningsþóknun lögmanns hans, 200.000 krónur.

#### S é r a t k v æ ð i Guðrúnar Erlendsdóttur og Hjartar Torfasonar

Skipverjar á mb. Aðalbjörgu II, RE-236, höfðu dregið net skipsins í Faxaflóa og voru að leggja þau aftur, þegar áfrýjandi festi vinstri fót í netunum og féll með þeim fyrir borð. Á leiðinni skaddaðist fótleggur hans svo, að taka varð fótinn af nærri miðjum leggnum. Áfrýjandi virðist hafa losnað fremur fljótt frá netunum, eftir að hann lenti í sjónum, og gekk skipverjum nokkuð greiðlega að ná honum aftur um borð. Skáru þeir á netin til að tryggja, að björgunin tækist. Veður var gott eftir árstíma og lítil hreyfing á skipinu, en ís-ing á þilfari. Ekki er fram komið, að búnaði skipsins hafi verið ábótavant í sérstökum atriðum, og áhöfnin var skipuð vönum mönnum.

Starfa áfrýjanda við netalögnina í þetta sinn er lýst í I. kafla atkvæðis annarra dómenda. Var hann annar tveggja skipverja, sem áttu að fylgjast með netunum og greiða fyrir því, að þau rynnu klár

út yfir borðstokkinn bakborðs megin. Stóð hann aftan við netin, þeim megin sem flotteinninn átti að fara út, en hinn framanvert og fylgdist með blýteininum. Staða áfrýjanda var í lítilli stíu á þilfari, sem ekki var unnt að hopa úr nema um lódréttan stiga upp á bátadekk. Hafði skipinu verið breytt þannig fáum árum fyrr, að yfirbygging þess aftan stýrishúss lokaði þilfari þarna megin, og var stían í skoti milli stýrishúss og lunningar. Ekki var til þess ætlast, að áfrýjandi notaði annað en hendur við að taka á netunum, og er óljóst, hvort unnt hefði verið að koma verkfærum við.

Starf áfrýjanda var hættulegt og aðstaðan þröng. Svo virðist sem hann hafi stigið fram úr stúnni til að sinna netunum, þegar líða tók á lögnina. Hann var þrautreyndur sjómaður, sem hafði verið lengi á skipinu, og var vanur öllum vinnubrögðum þar. Er engin ástæða til að ætla, að hann hafi gert þetta að nauðsynjalausu eða í trássi við það, sem tíðkaðist um borð. Af hálfu skipstjórnarmanna er því haldið fram, að blátt bann hafi verið lagt við því, að skipverjar færu fram úr stúnni við lögnina. Hins vegar er ósannað, að þetta bann hafi verið lagt á eða því fylgt eftir með þeim hætti, að áfrýjanda mætti vera ljóst, að hann væri að brjóta gegn fyrirmælum skipstjóra með framgöngu sinni. Samkvæmt öllu þessu verður að líta svo á, að misbrestur hafi verið á stjórn verka og aðstöðu við netalögnina. Verða stefndu því að bera skaðabótaábyrgð á slysi áfrýjanda.

Áfrýjanda mátti vera ljóst, hver hætta stafaði af netunum og ísingu á þilfari. Verður að ætla, að hann hefði átt að geta forðast skaða með meiri aðgát. Ber hann því einnig ábyrgð á slysinu. Virðist hæfilegt eftir atvikum, að hún falli á hann að hálfu, en stefndu bæti honum sannað tjón hans að hálfu og greiði honum auk þess málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Um bótahlið málsins eru ekki efni til að fjalla nánar. Við erum sammála öðrum dómendum um gjafsóknarkostnað.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1997.**

Mál þetta er höfðað af Gunnari Magnússyni, kt. 281246-3999(?), Jakaseli 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 26. nóvember 1996, á hendur Guðbjarti Einarssyni, kt. 281246-3999, Lækjarseli 3, Reykjavík, Stefáni Einarssyni, kt. 130548-2299, Fornuströnd 13, Seltjarnarnesi, og Sigurði G. Einarssyni, kt. 180544-4969, Sefgörðum 12, Seltjarnarnesi, persónulega og fyrir hönd sam-

eignarfélags þeirra, Aðalbjargar sf., kt. 610981-0119, Fiskislóð 103, Reykjavík.

Til réttargæslu er stefnt Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, kt. 540269-0179, Lágmúla 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 17.787.399 krónur, með 2% ársvöxtum frá 13. mars 1992 til 21. mars 1992, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1992, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1993, 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1995, 0,65% ársvöxtum frá þeim degi til 28. september 1996, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að vexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. mars 1993.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda, og af hans hálfu eru engar kröfur gerðar á hendur stefnanda.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

#### *Málavextir.*

13. mars 1992 varð stefnandi fyrir slysi við vinnu sína um borð í mb. Aðalbjörgu II, RE-236. Verið var að leggja net mb. Aðalbjargar II, RE-236, er skipið var statt í Faxaflóa. Meðan á lögninni stóð, var stefnandi fyrir aftan netin í lítilli stíu bakborðs megin aftur við uppgang á bátapall eða fyrir framan hana, er leið á lögnina. Var hlutverk hans þar að sjá til þess, að netin færu klár fyrir borð, með því að grípa inn í lögnina, ef svo bar undir, og hafði hann gert það a. m. k. einu sinn í umræddri lögn, áður en slysið varð.

Í stefnu segir, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að stefnandi stóð framan við svokallaða stíu og hafði nýlokið við að greiða úr netinu, en það langt liðið á lögnina, að stefnandi gat ekki gripið inn í hana frá stíunni. Mikil ísing var á dekki skipsins frá deginum áður, og hafði bæst við hana á útleið, en mikið frost var þennan dag. Ísing hafði ekki verið hreinsuð af dekkinu, áður en vinna hófst umræddan dag. Stefnandi telur, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að netabrjóst hafi rifnað upp úr klakanum og slengst til og utan um fót hans. Við það festist stefnandi í netinu og dróst með netinu útbyrðis. Stefnanda tókst þó að losa sig úr netinu í sjónum og var fljótlega bjargað aftur um borð. Var hann síðan fluttur með björgunarþyrlu Landhelgisgæslunnar á Borgarspítalann í Reykjavík.

Afleiðingar slyssins urðu þær, að stefnandi missti framan af vinstra fæti fyrir neðan hné. Vegna þessara afleiðinga hefur stefnandi verið ófær um að vinna við sjómennsku, en það hafði verið ævistarf hans fram að slysinu. Eftir slysið hefur stefnandi ekki verið í föstu starfi og hefur að mestu framfært sér á bótagreiðslum úr Lífeyrissjóði sjómanna.

24. apríl 1993 mat Jónas Hallgrímsson læknir örorku stefnanda af slysinu. Niðurstaða matsgerðarinnar um örorku stefnanda er eftirfarandi:

„Niðurstaða.

Gunnar hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Hann er nú með fjórða gervifótinn og hefur öðru hverju óþægindi af honum. Gera verður ráð fyrir, að núverandi ástand sé varanlegt og að hann þurfi reglulega meðferðar við og lagfæringa á gervifötinum. Hann hefur auk þess álagsverki um hné. Varanleg örorka miðast við, að ekki takist að nota gervifót án vandræða og fylgikvilla. Gunnar var frá vinnu í níu mánuði eftir slysið, en hóf síðan hlutastarf.

Örorka Gunnars vegna slyssins er því sem hér segir:

Frá slysinu í 9 mánuði 100%,  
síðan varanleg örorka 45%.  
Jónas Hallgrímsson (sign).“

Ekki er ágreiningur með aðilum um örorkumat þetta.

Eftir örorkumatið reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda á grundvelli þess. Við útreikning vinnutekjutaps var að ósk stefnanda miðað við tekjur hans árin 1988, 1990 og 1991, en ekki fyrir árið 1989, þar sem stefnandi varð fyrir slysi það ár og var óvinnufær fram á mitt ár. Enn fremur reiknaði tryggingafræðingurinn út verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins, 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku.

Á grundvelli útreikningsins var réttargæslustefnda sent kröfubréf 22. ágúst 1993.

Í svarbréfi réttargæslustefnda, dags. 4. október 1993, hafnaði hann bótaábyrgð stefndu.

5. október 1994 var tekin skýrsla af eftirfarandi aðilum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur eftir beiðni stefnanda skv. XII. kafla laga nr. 91/1991: stefnanda, Gunnari Magnússyni, stefndu, Guðbjarti Einarssyni skipstjóra, Sigurði Ólafssyni stýrimanni, Jóni Magnúsi Jónssyni vélstjóra, Jóni Kristbirni Jónssyni matsveini, Jóhanni Heiðari Jóhannssyni háseta, Sigurjóni Kristjánssyni háseta og Torfa Ingólfssyni háseta.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefn-

anda að nýju 27. ágúst 1996, og reisir stefnandi kröfur sínar á hendur stefndu í máli þessu algerlega á þeim útreikningi.

Stefnandi hefur fengið greiddar samtals 2.190.405 kr. úr slysatryggingu sjómanna, og hefur Jón Erlingur reiknað höfuðstólsverðmæti þeirra greiðslna miðað við slysdag á 2.166.462 kr.

Stefnandi hefur einnig fengið örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 677.579 kr., 31. 3. 1993. Hefur Jón Erlingur Þorláksson reiknað höfuðstólsverðmæti þeirrar greiðslu miðað við slysdag á 670.200 kr.

Stefndu eru eigendur sameignarfélagsins Aðalbjargar sf., sem er eigandi og útgerðaraðili Aðalbjargar II.

Þar sem stefndu hafa hafnað bótaábyrgð á tjóni stefnanda, kveður stefnandi sér nauðsynlegt að höfða mál þetta til heimtu skaða- og miskabóta.

### *Málsástæður og lagarök.*

Kröfur sínar á hendur stefndu reisir stefnandi á almennum reglum skaðabótaréttar um bótaábyrgð og reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð, sbr. einnig 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu einnig á því, að orsakir slyssins megi öðru fremur rekja til skorts á verkstjórn, hættulegs verklags og ófullnægjandi aðbúnaðar við lagningu neta um borð í Aðalbjörgu II og svo þess, að ísing var ekki hreinsuð af skipinu, áður en hafist var handa við að leggja netin. Vinna við netalögn sé hættulegt starf, og því beri skipstjórnarmönnum rík skylda til að hafa vinnuumhverfi og vinnutilhögun með þeim hætti, að sem minnst hætta stafi af fyrir skipverja. Hverjum skipstjórnar- og útgerðarmanni netabáts eigi að vera þessi hætta ljós auk þeirrar hættu, sem fylgi því að ætla að grípa með höndunum inn í netalögn.

Stefnandi vísar til álits Rannsóknarnefndar sjóslysa um umrætt slys, bls. 204 í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 1992, en þar ítrekar nefndin fyrri ályktanir um slys við netalagnir og vísar sérstaklega til máls nr. 06291. Í ályktun í máli 06291 segir:

„Nefndarálit.

Nefndin telur það óaðgæslu að eiga við net eða færi, á meðan þau renna út á mikilli ferð. Eftir að fyrri drekin er farinn og netin renna út, á ekki að koma nálægt veiðarfærinu, þótt einhverjar flækjur myndist. Með hliðsjón af þeirri hættu, sem er fyrir hendi, þegar netin renna út, er ekkert, sem réttlætir fljótfærnislegar aðgerðir við að leysa flækjur.“

Í ljósi þessa hafi verið óverjandi af skipstjórnarmönnum Aðalbjargar II að hafa mann við þann starfa að grípa með höndum inn í netalögnina til að tryggja, að netin færu sem best út.

Stefnandi bendir einnig á, að vinnuástaða sú, sem mönnum var búin við framkvæmd verksins, hafi verið ófullkomin og ekki til þess fallin að veita skipverjum nauðsynlega vernd fyrir þeirri hættu, sem af netunum stafar, er þau renna út. Skipverjar um borð í Aðalbjörgu II hafi verið settir í of mikla nálægð og snertingu við netin við að greiða úr þeim við lagningu. Þá hafi verulegur galli verið á þeirri stíu, sem veita átti skipverjum vörn, og vísar stefnandi sérstaklega til þess, að ekki hafi verið hægt að greiða úr öllum netunum úr stíunni, og hafi skipverjar því þurft að stíga fram úr henni til að greiða úr netunum, eins og þeim var ætlað.

Stefnandi vísar og til þess, að á slysdegi hafi mjög mikil ísing verið á skipinu og aðstæður við netalögnina því mjög viðsjárverðar. Heldur stefnandi því fram, að það hafi verið til að auka hættuna á slysi við netalögnina, að ísing hafi ekki verið hreinsuð af skipinu, áður en netalögn hófst.

Þá heldur stefnandi því einnig fram, að hann hafi á engan hátt brotið gegn fyrirmælum yfirmanna sinna við framkvæmd verksins, heldur hafi hann miklu fremur sinnt starfinu svo sem fyrir hann hefði verið lagt og almennt verið gert um borð í Aðalbjörgu II. Ómögulegt hafi verið að sinna umræddu verki án þess að stíga fram úr umræddri stíu og algerlega tilgangslaut að hafa mann í stíunni, ef honum væri ekki ætlað að grípa inn í netalögnina. Það hafi hvort tveggja verið með vitund og vilja yfirmanna um borð í Aðalbjörgu II, sem stefnandi og aðrir skipverjar unnu við netalögnina með ofangreindum hætti, og vísar stefnandi sérstaklega til þess, að stýrimaður skipsins, Sigurður Ólafsson, hafi, er slysið varð, staðið ekki langt undan stefnanda og verið að fylgjast með vinnubrögðum hans án þess að gera athugasemdir.

Það hafi verið á ábyrgð skipstjóra og/eða stýrimanns, að hin hættulegu vinnubrögð voru viðhöfð við lagningu neta um borð í Aðalbjörgu II, sbr. III. kafla sjómannaála nr. 35/1985. Telur stefnandi verða að meta það yfirmönnum um borð í Aðalbjörgu II til vanrækslu að hafa látið það viðgangast, að starf, sem sé hvort tveggja í senn þarf laust og hættulegt, hafi almennt verið stundað um borð í skipinu við jafnslæmar aðstæður og raun ber vitni, enda hafi skipverjar með því að þarf lausu verið lagðir í verulega og aukna slyshættu. Stefndu sem eigendur og útgerðarmenn Aðalbjargar II, RE-236, verði að bera alla ábyrgð á því, ef skipverji verður fyrir slysi við framkvæmd verks, sem er hættulegt, enda verði það metið yfirmönnum skipsins til gáleysis, hvornig hið hættulega verk hafi verið unnið og við aðstæður, sem hafi verið ófullnægjandi.

Með vísan til þessa telur stefnandi, að stefndu beri skaðabótaábyrgð gagnvart sér á afleiðingum slyssins, og vísar í því sambandi til 171. gr. sigl-

ingalaga nr. 34/1985, almennu skaðabótareglunnar og reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Þar sem útgerðin hefur ábyrgðar- og slysatryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, er félaginu stefnt til réttargæslu, skv. 21. gr. laga nr. 91/1991.

Um fjárhæð kröfu stefnanda er vísað til hinnar hefðbundnu læknisfræðilegu örorku, eins og hún var metin af Jónasi Hallgrímssyni lækni, og höfuðstólsverðmætis vinnutekjutaps reiknaðs af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, svo sem venja hefur verið um tjón, er varð fyrir gildistöku nýrra skaðabótalaga nr. 50/1993.

Gert er ráð fyrir 20% frádrætti vegna skattfrelsis bóta, eingreiðslu o. fl., en stefnandi telji rétt að miða frádrátt sinn við lægra markið, 20%, þar sem sjómenn njóti aukinna skattfríðinda umfram aðra, þ. e. svokallaðs sjómannaafsláttar. Þá vísar stefnandi til þess við mat á hugsanlegum frádrætti, að tjón sitt af slysinu sé mun meira en nemi 45% af tekjum, þar sem hann hafi sannanlega verið 100% óvinnufær og eigi þess ekki kost að vinna á sjó framar.

Um miskabótakröfu segir stefnandi, að ljóst sé, að hann hafi mátt þola miklar þjáningar vegna slyssins og verulega röskun á stöðu og högum og auk þess misst framan af vinstra fæti. Tímabundnar þjáningar og óþægindi stefnanda af völdum þeirra áverka, sem hann hlaut, hafi því verið mjög mikil, og vísar stefnandi til fram lagðra vottorða og mats Jónasar Hallgrímssonar lækni því til stuðnings.

Með hliðsjón af framangreindu sundurliðast krafa stefnanda þannig:

1. Örorkutjón:		
1.1. Höfuðstólsverðmæti vinnutaps, varanleg örorka		kr. 20.625.200
1.2. Höfuðstólsverðmæti vinnutaps, tímabundin örorka		– 2.120.600
Frádráttur v/ skatthag., eingr. hagr. o. fl. (20%)		– 4.549.160
		kr. 18.196.640
2. Töpuð lífeyrisréttindi		kr. 1.434.800
3. Miskabætur		– 1.000.000
4. Frádráttur:		
4.1. Höfuðstólsverðmæti greiðslna TR	kr. –677.579	
4.2. Höfuðstólsverðmæti greiðslna úr slysatryggingu sjóm.	– 2.166.462	kr. –2.844.041
		<u>Samtals kr. 17.787.399</u>

Gerð er krafa um almenna sparisjóðsvesti Landsbanka Íslands frá slysdagi til 28. september 1996, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er gerð krafa um dráttarvesti frá þeim degi til greiðsludags. Er þetta í samræmi við 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, en með bréfi 28. ágúst 1996 voru réttargæslustefnda fyrir hönd stefndu lagðar til allar þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

23. október 1996 fékk stefnandi leyfi til gjafsóknar í máli þessu. Samkvæmt áskilnaði í gjafsóknarleyfi er þess krafist, að málskostnaður verði tildæmdur stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Um bótaábyrgð stefndu er vísað til 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og almennra reglna skaðabótaréttar um bótaábyrgð og reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Þá vísar stefnandi til III. kafla sjómannalaga nr. 35/1985. Um miskabætur er vísað til 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kröfur um dráttarvesti og vaxtavesti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og kröfur um málskostnað við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndu reisa sýknukröfu sína aðallega á því, að í málinu sé óumdeilt, að hefði stefnandi haldið sig innan umræddrar stíu, hefði aldrei til slyss þess komið, sem hér er deilt um ábyrgð á og afleiðingar af. Skipstjórnamenn hafi gefið um það skýr fyrirmæli, að ekki bæri að fara fram úr umræddri stíu við netalögnina. Í viðbótarlögregluskýrslum beri þeir Guðbjartur Einarsson skipstjóri og Sigurður Ólafsson stýrimaður, að sú háttsemi, sem stefnandi sýndi af sér með því að fara fram fyrir stíuna, meðan á lögninni stóð, hafi klárlega brotið gegn skýru banni við slíkri háttsemi. Þannig segi í áðurgreindum viðbótarlögregluskýrslum:

„. . . þá vill mættur skýrt taka fram, að algjört bann var við að fara fram fyrir nefnda stíu, meðan netalögnin fór fram. Þetta, segir mættur, að Gunnar hafi vitað um og aðrir skipverjar“ [sbr. dskj. nr. 18].

„Kveðst mættur vilja koma því hér fram, að það hafi ekki verið að hans óskum, að Gunnar stóð utan við stíuna, þá er netatrossum var sleppt útbyrðis. Það hafi verið skýr fyrirmæli frá skipstjóra, að enginn af áhöfninni stæði framan við nefnda stíu“ [sbr. dskj. nr. 19].

Ofangreindar yfirlýsingar hafi þeir Guðbjartur Einarsson og Sigurður Ólafsson staðfest við skýrslutökur, sem fram fóru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 5. október 1995, og í sama streng hafi tekið aðrir skipverjar Aðalbjargar II, RE-236, sem voru um borð.

Ef hins vegar svo ótrúlega færi, að slík bein fyrirmæli af hálfu skipstjórnamanna yrðu ekki talin sönnuð, sé ljóst af fyrirliggjandi skýrslum og vitnisburðum, að ekki hafi verið ætlast til þess af skipstjórnamönnum, að

farið væri út úr stíunni við netalögnina, hvað þá, að gefin væru bein fyrir-mæli um slíkt. Um það þurfi svo auðvitað ekki að hafa mörg orð, að skipstjórnarmenn hafi mátt og getað treyst því, að reyndasti maður þeirra sýndi ekki af sér það gáleysi, sem þó hafi orðið raun á. Enn fráleitari sé svo sá málatilbúnaður stefnanda að ætla að fara að gera viðkomandi ábyrga á grundvelli sakarsjónarmiða fyrir gáleysi, sem enginn hafi borið ábyrgð á nema hann sjálfur. Framangreind grundvallaratriði, þ. e., að verkið hafi verið hættulaust, héldu menn sig í stíunni, og að stefnandi fór út úr stíunni algerlega á eigin ábyrgð, leiði þá þegar til sýknu og það án þess að huga þurfi frekar að öðrum þeim atriðum, sem stefnandi reisi málatilbúnað sinn á, þ. e. óforsvaranlegri verkstjórn, verklagi, aðbúnaði um borð og ætlaðrar ísingar, er slysið varð. Ekkert þessara atriða hafi neina þýðingu við sakarmat í málinu í ljósi þess, sem að framan greini, og þá umfram allt þeirrar staðreyndar, að stefnandi hafi aldrei verið í neinni hættu, hefði hann haldið sig inni í stíunni.

Um þær málsástæður, sem stefnandi vísi til í málinu, benda stefndu að öðru leyti á, að ekkert í gögnum málsins styðji þær staðhæfingar stefnanda, að orsakir slyssins verði raktar til skorts á verkstjórn, hættulegs verklags og/ eða ófullnægjandi aðbúnaðar við netalagningu um borð í Aðalbjörgu II, RE-236. Eigi fullyrðingar stefnanda í þá átt ekki við nein rök að styðjast og séu algerlega ósannaðar af hans hálfu og því allsendis mótmælt af stefndu hálfu.

Ítrekað er, að verklag það, sem stefnandi viðhafði hinn örlagaríka dag í mars, hafi hvorki verið samkvæmt fyrirmælum skipstjóra né annarra skipstjórnarmanna, enda bann við því, að sá, sem stóð í stíunni og greiddi úr netunum við lagningu þeirra í sjó, færi fram fyrir hana til að sinna því verki. Umrætt verk hafi verið hættulaust með öllu, ef menn héldu sig innan umræddrar stíu og unnu verkið eftir þeim reglum, sem þeim hafði verið uppálagt að fylgja, og hver gegn og grandvar sjómaður hefði gert, en gat hins vegar haft í för með sér slysahettu, ef út af var brugðið og menn fóru fram fyrir stíuna, líkt og stefnandi gerði, þegar slysið varð. Varð það að sjálf-sögðu unnið, án þess að farið væri út úr umræddri stíu, og er sjónarmiðum stefnanda annars efnis því hardlega mótmælt.

Vegna tilvísunar stefnanda til niðurstöðu Rannsóknarnefndar sjóslysa leggja stefndu á það áherslu, að vilji og/eða fyrirmæli skipstjórnarmanna hafi ekki staðið til þess, að gripið væri með höndum inn í netalögnina, svo að hætta gæti stafað af. Í skýrslu sinni í fyrrnefndu vitnamáli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 5. október 1995 lýsi Guðbjartur Einarsson skipstjóri því, til hvers var ætlast af öllum skipverjum við netalögnina. Svo sem ráða má af

frásögn þeirri og verklýsingu svo og lýsingu annarra skipverja við sama tækifæri, sé alveg ljóst, að í umræddu verki hafi ekki falist nokkur hætta, væri rétt að því staðið og aðgát höfð. Sé og alveg ljóst, að um borð í Aðalbjörgu II hafi verið litið svo á, að betra væri, að einstaka net færu flækt fyrir borð, en skipverjar settu sjálfa sig í hættu með því að fara fram fyrir stúna í því skyni að leysa einstaka flækjur, enda hefðu menn á skipinu talið líf og limi manna meira virði en það, að eitt net færi óklárt út. Skipstjórnarmenn hafi þannig gert sér fulla grein fyrir því, hversu hættulegt það gat verið að fara fram fyrir stúna til að leysa úr flæktum netum, áður en þau færu í sjó, og settu því bann við slíkri háttsemi með það í huga að tryggja, að vinnu-umhverfi og vinnutilhögun væri með þeim hætti, að sem minnst hætta stafaði af fyrir skipverja. Sérstök ástæða sé til þess að vekja á því athygli, að í upphaflegri lögregluskýrslu, dags. 1. apríl 1992, sbr. dskj. 9, staðhæfi stefnandi sjálfur, að umrætt verk hafi hann átt að vinna þannig, að hættulaust væri fyrir sig. Það sé því ljóst, að ekkert við umrædda vinnutilhögun og verklag hafi verið hættulegra en gengur og gerist við þau störf, sem unnin eru á sjó, og fæst séu eðli sínu samkvæmt með öllu hættulaus. Loks er sjónarmiðum stefnanda um skort á verkstjórn um borð í Aðalbjörgu II harðlega mótmælt með vísan til þess, sem að framan greinir, og þá ekki síst þess, að enginn maður um borð í skipinu hafði viðlíka reynslu og þekkingu á hinu umþrætta verki og stefnandi sjálfur.

Verði því að telja, að það verklag, sem stefnandi viðhafði, þegar slysið varð, hafi ekki verið á ábyrgð skipstjórnarmanna, sem gert hafi allt, er í þeirra valdi stóð, með verkstjórn sinni og fyrirmælum til að tryggja, að öryggi sjómanna sinna væri eins og best yrði á kosið, heldur algerlega á eigin ábyrgð stefnanda, enda hafi hann brotið gegn fyrirmælum skipstjórnarmanna og sýnt óumbeðinn af sér óverjandi verklag, sem leitt hafi til slyssins.

Sú málsástæða stefnanda, að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar um borð í Aðalbjörgu II, RE-236, sé algerlega ósönnuð, og hafi stefnanda engan veginn tekist að sýna fram á, að aðstæður um borð í Aðalbjörgu hafi með einhverjum hætti verið óafsakanlegar, hvað þá ólöglegar. Liggja engin gögn í þá veru frammi í málinu, heldur hafi aðbúnaður í skipinu verið til fyrirmyndar. Stífa sú, sem stefnanda var gert að standa fyrir innan, meðan verið væri að leggja net í sjó, hefði verið sett sérstaklega upp til öryggis fyrir skipverja og gegnt sínu hlutverki fullkomlega, svo lengi sem skipverjar héldu sig innan hennar, sbr. vitnisburð stefnanda sjálfs fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur frá 5. október 1995.

Loks er þeirri málsástæðu stefnanda mótmælt, að ísing á skipinu um-

ræddan dag hafi verið með þeim hætti, að bótaskylda stefndu verði með einhverjum hætti reist þar á. Að sjálfsögðu liggi það í hlutarins eðli, að skip, sem er á veiðum úti fyrir ströndum Íslands í marsmánuði, fara ekki algerlega varhluta af einhverri ísingu. Stefnandi hafi hins vegar hvorki sýnt fram á, að ísing hafi verið meiri en eðlilegt er á slíkum skipum við veiðar á þessum tíma árs né að hún hafi verið svo mikil, að valdið hafi viðsjárverðari aðstæðum en venjulegt er á sambærilegum skipum. Hitt sé heldur, að ætla verði, að þaulreyndur sjómaður eins og stefnandi eigi að sýna stökustu gætni, þegar kalt er í veðri og ísing einhver. Slíka varúð hafi stefnandi ekki sýnt, er hann fór fram fyrir stíuna. Þá komi fram í framburði, að ísing um borð hafi ekki verið með þeim hætti, sem stefnandi vill vera láta í stefnu. Skipstjóri hafi borið, að sá ís, sem komið hafi á skipið á útleið, hafi verið barinn af rúllu og netaborði og honum mokað í sjóinn og vinnusvæðið hreinsað. Allar fullyrðingar stefnanda um óeðlilega mikla ísingu á Aðalbjörgu II, RE-236, og skort á nægjanlegum varúðarráðstöfunum og/eða aðgerðum af því tilefni séu því ósannaðar, og því fari fjarri, að hætta á slysum við netalagninguna hafi vegna þess aukist miðað við það, sem eðlilegt megi teljast, og að stefnanda hafi mátt vera það ljóst.

Slysið verði öðru fremur rakið til gáleysis og aðgæsluskorts stefnanda sjálfs og eftir atvikum óhappatviljunar. Stefnandi hafi að sjálfsögðu mátt vera ljóst, hversu mikil hætta stafaði af háttsemi hans, enda þrautreyndur sjómaður með aldarfjórðungsstarfsreynslu að baki. Allar fullyrðingar, sem hníga að öndverðri niðurstöðu, séu ósannaðar með öllu, og á þeim verði því dómsniðurstaða í málinu ekki reist. Við sakarmat í máli þessu verði eingöngu litið til forsendna og skilyrða hinnar almennu sakarreglu, enda engar forsendur til þess, hvorki lagalegar né aðrar, að rýmka ábyrgð stefndu með einhverjum hætti.

Stefndu mótmæla bótakröfum sem allt of háum og reisa mótmælin á eftirtöldum forsendum:

1.

Um kröfur vegna tímabundinnar örorku, sem metin er samanlagt 100% í níu mánuði skv. mati Jónasar Hallgrímssonar, sé það að segja, að engin rök hafi verið færð fyrir því, að stefnandi hafi tapað tekjum á umræddum tíma. Þá er því sérstaklega mótmælt, að krafa vegna tímabundinnar örorku er reist á tjónsútreikningi tryggingafræðings, en ekki raunverulegu og sönnuðu tekjutapi, eins og venja standi til og dómstólar hafi staðfest. Að sjálfsögðu eigi að koma til frádráttar laun og aðrar greiðslur, sem stefnandi hafi notið á tímabili tímabundinnar örorku, sbr. fram lagðan launamiða frá

stefnda Aðalbjörgu sf., þar sem fram kemur, að á slysárinu fékk stefnandi greiddar í laun 1.631.822 kr.

2.

Tekjuviðmiði því, sem farið er eftir í tjónsútreikningi og stefnu, er eindregið mótmælt. Ekki fái það staðist að velja úr tiltekin ár fyrir slys og styðjast við þau við tjónsútreikning. Beri í þessu tilviki sem endranær að miða við tekjur síðustu þrjú ár fyrir slys, og hefur af hálfu stefndu verið lagður fram örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar frá 16. september sl., þar sem miðað er við tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys. Samkvæmt þeim útreikningi sé höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps hans á slysdegi minna en kröfur stefnanda séu miðaðar við hér.

3.

Kröfum stefnanda vegna tapaðra lífeyrisréttinda er algerlega mótmælt, enda styðst slík kröfugerð hvorki við dómvenju né fyrri uppgjörshéð, nema þá, að um sannað tap sé að ræða. Liggja engar óyggjandi staðreyndir frammi um slíkt tap. Vísast hér þvert á móti til fyrirvara tryggingafræðingsins í útreikningum hans.

4.

Í dómkröfum stefnanda sé gert ráð fyrir allt of lágum frádrætti frá hinu útreiknaða örorkutjóni og töpuðum lífeyrisréttindum, vegna skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu þeirra, svo sem venja standi til. Með hliðsjón af háu tekjuviðmiði í útreikningi og dómaframkvæmd hér á landi ætti frádráttur vegna þessara þátta að nema að lágmarki 45%.

5.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárrí. Stefndu telja, að miskabótakrafa sú, sem stefnandi hefur sett fram, sé óeðlilega há og ekki í nokkru samræmi við dómvenju. Yrðu bætur dæmdar, verði auk þess að líta til þeirra alþekktu sanninda, að miski er að jafnaði, a. m. k. að hluta til, innifalinn í venjulegu örorkumati. Ber raunar jafnframt að hafa þá staðreynd í huga við ákvörðun bóta fyrir örorkuþáttinn. Miðað við dómvenju ættu miskabætur fyrir 45% örorku að nema að hámarki 450.000 krónum.

Auk þess frádráttar, sem vikið hefur verið að hér að framan vegna launa-greiðslna á tímabili metinnar, tímabundinnar örorku, eiga að koma til frádráttar bætur, sem stefnandi hefur fengið greiddar úr slysátryggingu þeirri, sem stefndu keyptu hjá réttargæslustefnda, svo og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá ber við bótaákvörðun að líta til lífeyrisréttinda stefnanda og lækka bætur með tilliti til þeirra.

Allar framangreindar fjárhæðir eigi að draga frá stefnukröfu. Í tilviki sakarskiptingar eigi þær skv. dómafordæmum að dragast frá kröfum stefnanda, eftir að fjárhæð hennar hefur verið lækkuð vegna eigin sakar.

Kröfum stefnanda um vexti fyrir 26. nóvember 1992 er sérstaklega mótmælt, enda séu þeir fyrndir, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905. Upphafstíma og forsendum dráttarvaxtaútreiknings er með öllu mótmælt, enda eiga kröfur stefnanda þar að lútandi ekki stöð í III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Er kröfu um dráttarvexti mótmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Kröfur sínar styðja stefndu við almennar reglur íslensks skaðabótaréttar.

Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við ákvæði 21. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr.

#### *Niðurstaða.*

Fram kemur í málinu, að stefnandi var reyndur sjómaður, hafði verið á sjó, frá því að hann var 19 ára að aldri, eða um aldarfjórðung, þegar slysið varð.

Af ljósmyndum af slysvettvangi svo og framburði vitna og stefnanda sjálfs verður að telja höfuðorsök slyssins þá, að hann fór yfir stúborð þau, sem skildu hann frá þeim hluta þilfars, sem netin voru á.

Ekki er sýnt fram á, að hann hafi fengið um það fyrirmæli að fara úr stíunni eða að til þess væri ætlast af skipstjórnarmönnum, og liggur ekki annað fyrir en hann hafi gert það ótilknúinn. Þá má ráða af framburði aðila og vitna, að til þess hafi verið ætlast, að ekki væri farið úr stíunni, enda þótt ekki sé með öllu ljóst, hvort lagt hafði verið blátt bann við því. Er það álit dómsins, að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, að mikil hætta gat fylgt því að stíga fram úr stíunni, svo sem raun varð á, og að mjög óráðlegt hafi verið af jafnvönnum sjómanni og honum að fara úr stíunni og á þann hluta þilfars, þar sem netin voru, ekki síst þegar litið er til þess, að ísing var og hætta á, að netin rykkust til, eins og raunar virðist hafa gerst, er netabryjóst losnaði, eins og stefnandi lýsir sjálfur.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að skort hafi á leiðbeiningar og verkstjórn í umræddu tilviki, enda var stefnandi reyndur sjómaður, eins og að framan segir.

Þá þykir ekki sýnt fram á, að aðbúnaður um borð í Aðalbjörgu II eða vinnubrögð hafi verið hættulegri en gengur og gerist við netaveiðar.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu, og ber að greiða allan kostnað stefnanda af málsókn þessari, þar með talda málflytningsspóknun

lögmanns hans, Jóhannesar B. Björnssonar, 350.000 krónur, úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar fyrir máflutning er ekki litið til reglna um virðisaukaskatt.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðbjartur Einarsson, Stefán Einarsson, Sigurður G. Einarsson persónulega og f. h. Aðalbjargar sf., skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Magnússonar.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin máflutningsþóknun lögmanns hans, Jóhannesar B. Björnssonar hdl., 350.000 krónur.

---